

Reykjavík, 4. desember 2023

Forsætisráðuneyti  
Skrifstofa stjórnskipunar og stjórnýslu

**Efni: Umsögn Samorku um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna þjóðlendna (starfslok óbyggðanefndar o.fl.). Mál í samráðsgátt nr. 241/2023.**

Samorka gerir ekki athugasemdir við meginatriði frumvarpsins sem snúa að starfslokum óbyggðanefndar.

Þó er góðfúslega bent á 4. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um breytingar á 4. gr. laga um breytingu á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998 sem snúa að samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að bæta við fulltrúa ráðherra ferðamála. Samorka bendir á að rétt væri að fulltrúi ráðherra orkumála ætti sæti í samstarfsnefndinni og þá mögulega í stað fulltrúa ráðherra iðnaðar.

**Athugasemdir Samorku um breytingar á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998**

Í 14. og 15. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á inntaki eignarréttar auðlinda í jörðu. Samorka bendir á að hér er um veigamiklar breytingar að ræða sem mikilvægt er að eiga víðtækt samráð um við þá sem málið snertir. Má þar sérstaklega nefna sveitarfélög, orkufyrirtæki, hitaveitur og vatnsveitur.

#### **Eignarréttur á auðlindum í jörðu (14. gr.)**

Í 14. er lagt til að breyta orðalagi 3. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu á þann hátt að eignarréttur að auðlindum í jörðu fylgi aðeins eignarlandi *að því marki sem nauðsynlegt er fyrir landeiganda þannig að hann geti haft þau not af landi sínum sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á eignarrétti yfir fasteign.*

Er í greinargerð með frumvarpinu vísað til þess að réttaróvissa hafi ríkt um inntak eignarréttar að auðlindum í jörðu í kjölfar hæstaréttardóma í málum 644/2006 og 645/2006 og því velt upp hvort túlka eigi 3. gr. laganna til samræmis við þá „meginreglu sem áður gildi um inntak eignarréttar að jarðrænum auðlindum.“

Þá er því lýst í greinargerð með frumvarpinu að ganga megi út frá því að sú hagnýting sem felst í 8. gr., 1. mgr. 10. gr. og 14. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu teljist til venjulegrar hagnýtingar. Í greinargerð með frumvarpinu er jafnframt vikið að því að lagabreytingin veiti „*löggjafanum jafnframt kost á að taka gjald fyrir nýtingu auðlinda sem áður voru eigendalausar.*“

Í lögum nr. 58/2008 sem samþykkt voru á Alþingi 7. júní 2008 kom ný grein 3.a. inn í lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Í 3. gr. a er kveðið á um að ríki og sveitarfélögum og fyrirtækjum, sem alfarið eru í eigu þeirra sé óheimilt að framselja beint eða óbeint og með varanlegum hætti eignarrétt að jarðhita og grunnvatni umfram heimilis- og búsparfir, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 14. gr.

Í grein 3.a. og frumvarpi því sem fylgdi lögum nr. 58/2008 er því slegið föstu að þeir aðilar sem þar eru nefndir eigi eignarrétt að jarðhita og grunnvatni og mælt fyrir að þeim sé óheimilt að framselja slík réttindi. Eru engin takmörk sett eða nefnd varðandi eignarrétt að jarðrænum auðlindum í því frumvarpi, en þau lög tóku gildi eftir að framangreindir dómur féllu í Hæstarétti. Vandséð er hvers vegna löggjafinn hafi talið rétt árið 2008 að leggja skorður við framsali eigenda á eignarréttindum tengdum jarðhita- og grunnvatnsréttindum ef ekki væri fyrir tilvist slíkra réttinda að lögum.

Sé það markmið þessa frumvarps að afnema eða skerða framangreindan eignarrétt telur Samorka mikilvægt að haft verði ítarlegt samráð við þá aðila sem um ræðir og greint hvaða áhrif það hefði á viðkomandi aðila og möguleika þeirra til orkuöflunar, hitaveitu og vatnsveitu í sínu landi.

## Ákvörðun bóta (15. gr.)

Í þessari grein er lagt til að lögfesta löglíkindareglu um meðferð mála þegar landeigandi hefur gert ráðstafanir sem leiða til nýtingar á auðlind sem raskar hagsmunum annarra.

Samorka bendir á að rekið er fyrir dómstólum mál sem fjallar um það álitaefni sem hér er ætlað að leysa úr. Mikilvægt er að endanleg niðurstaða dómstóla liggja fyrir og í framhaldi af því verði tekin upplýst afstaða um hvers konar löglíkindareglu, ef einhverja eigi að viðhafa, um tilvik sem þessi.

Samorka þakkar fyrir tækifærið til að veita umsögn um frumvarpið en leggur áherslu á mikilvægi þess að haft sé samráð við þá aðila sem fyrir áhrifum verða áður en gengið verður frá svo veigamikilli breytingu sem hér er lagt upp með á eignarrétti að auðlindum í jörðu.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur